



Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Reykjavík, 6. febrúar 2020

Tilvísun: 201908006 / 3.4

Efni: Deiliskipulag í landi Snjallsteinshöfða, Ásholt, Ytri-Völlur og Stekkatún, Rangárþing ytra

Rangárþing ytra hefur, með erindi dags. 10. janúar 2020, sent Skipulagsstofnun ofangreint deiliskipulag til yfirferðar að nýju samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Deiliskipulagið var samþykkt að nýju í sveitarstjórn, þann 9. janúar 2020.

Í bréfi stofnunarinnar dags. 19. ágúst 2019 var gerð athugasemd við birtingu deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda þar sem fjöldi gestahúsa var ekki í samræmi ákvæði í aðalskipulagi. Jafnframt þarf að gera grein fyrir hvort um akuryrkjaland sé að ræða, lagfæra framsetningu uppdrátta o.fl.

Lagfærð gögn bárust 15. janúar 2020.

Deiliskipulagið er sett fram á tveimur kortblöðum, annarsvegar í mkv. 1:5000 og hinsvegar í mkv. 1:2000. Greinargerð er á öðrum uppdrættinum. Dagsetning gagna er 11. júní 2019 og breytt 4. janúar 2020.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og getur ekki tekið afstöðu til deiliskipulagsins þar sem ekki hefur verið brugðist við öllum athugasemdum stofnunarinnar sem fram komu í bréfi dags. 19. ágúst 2019


Unnsteinn Gíslason

MÓTTEKIÐ

11. FEB. 2020



Rangárþing ytra